

11

18. apríl

## AUGLÝSING

um breyting um stundarsakir á allrahæstum úrskurði 29. desember 1924,  
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Samkvæmt þegnlegum tillögum forsætisráðherra hefir Hans hátign konungurinn 17. þ. m. fyrirskipað nokkrar breytingar á allrahæstum úrskurði 29. desember 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., fyrir ráðherra þá, er nú skipa ráðuneyti Íslands.

Starfsskiptingin verður þannig:

Af málum þeim, sem samkvæmt konungsúrskurðinum heyra undir dóms- og kirkjumálaráðherra fer forsætisráðherra með öll mál önnur en heilbrigðismál, og enn fremur með landbúnaðarmál.

Af málunum, sem heyra undir forsætisráðherra, fer ráðherra Stefán Jóh. Stefánsson með utanríkismál, og enn fremur með sveitarstjórnarmál, þar undir fátækramál og atvinnubótafé, tryggingamál og heilbrigðismál.

Af málunum, sem heyra undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra fer ráðherra Ólafur Thors með öll mál önnur en landbúnaðarmál, iðnaðarmál, verzlunarmál, sveitarstjórnarmál, þar undir fátækramál og atvinnubótafé, og tryggingamál.

Af málunum, sem heyra undir fjármálaráðherra, fer ráðherra Jakob Möller með öll mál önnur en bankamál og gjaldeyrismál, og enn fremur með iðnaðarmál.

Ráðherra Eysteinn Jónsson fer með bankamál, gjaldeyrismál og verzlunarmál.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Forsætisráðherrann, 18. apríl 1939.*

**Hermann Jónasson.**

12

22. apríl

## KONUNGSBRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér viljum að tilskildu samþykki Alþingis veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að fresta fundum yfirstandandi Alþingis frá því, er venjulegum störfum þess verður það langt komið, að ekki þykir ástæða til lengra þinghalds að sinni, þar til síðar á árinu, þó ekki lengur en til 1. nóvember næstkomandi.

*Gjört á Amaliuborg, 22. apríl 1939.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*